



# Skólaslit Heiðarskóla

Föstudaginn 6. júní, verða skólaslit Heiðarskóla og fara þau fram á sal skólans. Foreldrar eru hjartanlega velkomnir með börnum sínum.

**Athugið!** Skólaárið 2003 - 2004 í Heiðarskóla hefst föstudaginn 22. ágúst. Verður það nánar auglýst í ágúst.

## Nemendur mæti sem hér segir til skólaslita:

Kl. 09.00	7., 8. og 9. bekkur
Kl. 10.00	4., 5. og 6. bekkur
Kl. 11.00	1., 2. og 3. bekkur

## Pökkum samstarfið á liðnum vetri

Starfsfólk Heiðarskóla þakkar nemendum og foreldrum fyrir samstarfið á skólaárinu, sem nú er að ljúka, með ósk um að allir hafi það ánægjulegt á komandi sumri. Sjáumst glöð og heil næsta haust.

## Útskrift 10. bekkinga

Útskrift 10. bekkinga í Heiðarskóla hefst kl. 13.30 föstudaginn 6. júní.

Foreldrar eru hvattir til að mæta með börnum sínum og eiga notalega stund í

skólanum á þessum síðasta skóladegi þeirra í grunnskóla.

Boðið verður upp á kaffi, gos og meðlæti að loknum skólaslitunum.

# Yndislestur að sumri

Að geta lesið og fá merkingu út úr lestrinum er undirstaða alls náms. Lestrarfærni er því gífurlega mikilvæg fyrir skólagöngu barna sem og fyrir alla einstaklinga sem vilja vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

Eins og flestum er kunnugt hefur Reykjanesbær hrundið af stað þriggja ára þróunarverkefni (2003-2006) til að efla lestrarfærni og málskilning barna í bæjarfélaginu. Markmiðið er að fá allt samfélagið til að efla mál og lesþroska barna. Í tengslum við það mun Rósa Eggertsdóttir halda utan um verkefni næsta vetur sem heitir: „Læsi til framtíðar“. Verður það unnið í öllum skólunum á svæðinu og reiknað er með virkri þátttöku foreldra. Verkefnið miðast við nemendur 3.-9. bekkjar og er meginþungi þess að efla lesskilning nemenda. Skólabörn eiga misauðvelt með að ná færni í lestri og þurfa mismikla aðstoð við það en allir þurfa að lesa og lesa mikið.

Það eflir m.a. málþroska, eykur orðaforða og er fræðandi. Kennarar hafa orðið varir við að eftir löng frí hjá nemendum eins og jóla-, páska- og síðast en ekki sist sumarfrí fer allt of mörgum aftur í lestri vegna þess að þeir lesa ekki nægilega eða alls ekki í fríunum. Það er því afar mikilvægt að halda lestrinum við og ræða við börnin um innihald textans þannig að hann verði merkingarbær. Þetta þarf að gera allan ársins hring. Það er metnaðarmál hjá okkur í Heiðarskóla að efla og halda við lestrarfærni nemenda. Liður í því er að nemendur okkar lesi sem mest í frítímanum sínum. Til að það verði markvissara og meira hvetjandi fá allir

nemendur heim með sér eyðublöð í sumarfríð, „Yndislestur að sumri“ þar sem foreldrar eru hvattir til þátttöku. Í byrjun næsta skólaárs munu umsjónarkennarar taka við blaðinu og fá nemendur þá viðurkenningarskjal og þeir sem lesa mest fá óvæntan glaðning. Með þessu viljum við í Heiðarskóla styrkja enn frekar hið metnaðarfulla verkefni Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar, „Lestarmenning í Reykjanesbæ“, og stuðla að því að allir sem að uppeldi barnanna komi hafi það viðhorf til lestrar;



Einar Þór Björgvinsson var lestrarhestur Heiðarskóla sumarið 2002 og fékk viðurkenningu fyrir.

„að lestararstund er gæðastund“.

Sarah Gudschinsky skilgreindi læsan mann „sem út frá því tungumáli er hann talar, getur lesið og skilið allt sem hann myndi skilja ef honum hefði verið sagt það.“

Að lokum: „Ferð á bókasafnið er ferð til fjár“.

# Próftafla fyrir 1. til 10. bekk í Heiðarskóla maí 2003

		19.maí	20.maí	21.maí	22.maí
Bekkir	Tími	mánud.	þriðjud.	miðvikud.	fimmtud.
1. Bekkur	8:10-12:00	lestur			
2. Bekkur	8:10-12:00		stærðfræði		
3. Bekkur	8:10-12:00		stærðfræði		
4. bekkur	8:30-9:30		stærðfræði		
5. Bekkur	8:30-9:30		íslenska (málfr.bókm.,ljóð)	stærðfræði	
5. bekkur	10:00-11:00		enska	kristinfræði	
6. Bekkur	8:30-9:30		íslenska	náttúrufræði	stærðfræði
6. Bekkur	10:00-11:00		stafsetning	enska	
7. bekkur	11:30-12:30		málrækt og stafsetning	danska	stærðfræði
7. bekkur	13:00-14:00		bókmenntir og ljóð	náttúrufræði	enska
8. bekkur	11:30-12:30		íslenska kl: 11:30-13:00	stærðfræði	danska
8. bekkur	13:00-14:00			enska	náttúrufræði
9. bekkur	8:30-9:30		stærðfræði 8:30-10:00	Íslenska kl: 8:30-10:30	danska
9. bekkur	10:00-11:00		enska kl: 10:30-11:30		náttúrufræði
10. bekkur	8:30-9:30		íslenska	stærðfræði	náttúrufræði
10. bekkur	10:00-11:00		danska	samfélagsfræði	enska

Ath! Á prófdögum í 1. til 3. bekk hefst skólagæslan fyrir þá nemendur sem í henni eru kl. 12:00



## Vorferðir nemenda í Heiðarskóla

**1. bekkur** fer föstudaginn 30. maí að Grjóteyri í Kjós. Bömin mæti kl. 9:45 og áætluð heimkoma er 13:20. Nemendur hafi með sér hollt og gott nesti og klæði sig eftir veðri. Nemendur þurfa að greiða kr. 800,- upp í ferðakostnað.

**2. bekkur** fer miðvikudaginn 28. maí í Salfisksetrið í Grindavík og Sólbrekkuskóg við Seltjörn. Lagt veður af stað kl. 8:30 og áætluð heimkoma er kl. 13:20. Nemendur hafi með sér hollt og gott nesti og klæða sig eftir veðri. Nemendur þurfa að greiða kr. 500,- upp í ferðakostnað.

**3. bekkur** fer mánudaginn 26. maí í Húsdýragarðinn. Lagt veður af stað frá skólanum kl. 8:10 og áætluð heimkoma er kl. 13:20. Nemendur hafi með sér

hollt og gott nesti og klæði sig eftir veðri. Í hádeginu verða grillaðar pylsur. Nemendur þurfa að greiða kr. 1000,- upp í ferðakostnað.

**4. bekkur** fer miðvikudaginn 4. júní í Viðeyjarferð. Lagt veður af stað frá skólanum kl. 8:30 og áætluð heimkoma kl. 14:00. Nemendur hafi með sér hollt og gott nesti og klæði sig eftir veðri. Nemendur þurfa að greiða kr. 1000,- upp í ferðakostnað.

**5. bekkur** fer föstudaginn 30. maí til Reykjavíkur. Farið verður m.a. í Orkuheima og í sund í Árbæjarlaug. Brottför frá skólanum er kl. 9:00 og áætluð heimkoma kl. 16:00. Nemendur hafi með sér hollt og gott nesti og klæði sig eftir veðri. Nemendur þurfa að greiða kr. 600,- upp í ferðakostnað.

**6. bekkur** fer miðvikudaginn 28. maí Krisuvíkurléið til Strandarkirkju, Eyrabakka og endar í sundi á Selfossi. Nemendur hafi með sér hollt og gott nesti og klæði sig eftir veðri. Brottför frá skólanum er kl. 8:30 og áætluð heimkoma kl. 16:00. Nemendur þurfa að greiða kr. 1800,- upp í ferðakostnað.

**7. bekkur** fer þriðjudaginn 27. maí í skólabúðir að Úlfjótuvatni. Brottför frá skólanum er kl. 8:10. Áætluð heimkoma er miðvikudaginn 28. maí kl. 17:00. Nemendur þurfa að greiða kr. 5000,- upp í ferðakostnað.

**8. bekkur** fer miðvikudaginn 4. júní í Borgarfjörðinn og skoðar slóðir Gunnlaugssögu. Lagt veður af stað kl. 8:10 og áætlaður komutími kl. 17:00. Nemendur hafi með sér hollt og gott

nesti og komi klæddir eftir veðri. Verð ferðarinnar verður auglýst síðar.

**9. bekkur** fer þriðjudaginn 3. júní á Sögusafnið í Perlunni og er þaðan ekið á Þingvelli. Brottför frá skólanum er kl. 9:00 og áætluð heimkoma kl. 17:00. Nemendur hafi með sér hollt og gott nesti og komi klæddir eftir veðri. Nemendur þurfa að greiða kr. 1400,- upp í ferðakostnað.

**10. bekkur** fer fimmtud 22. maí að Hofi í Örfæmum. Brottför frá skólanum kl. 14:00. Áætluð heimkoma mánud. 26. maí kl. 18:00. Gist veður að Hofi, farið í skoðunarferðir, ísklifur, sund o.fl. 10. bekkingar hafa verið duglegir að safna peningum upp í ferðina og þurfa því aðeins að greiða kr. 5000,-. Innifalið matur, gisting og ferðir.

## Fréttir úr foreldrafélaginu

### Fjölskyldu- dagurinn 24. maí

Við viljum hvetja alla til að mæta og eiga góða stund með börnunum frá kl. 11.00 f.h. til kl. 14.00. Það verður margt til skemmtunar, m.a. götuleikhús í umsjá Jóns Marinós, hoppukastalar, Gó-kart eða fjórhjól, veltibíllinn frá

Sjóvá-Aimennum, hjólaþraut, andlitsmálning, glæsilegt kaffihús og margt margt fleira. Við endum svo daginn á því að grilla okkur pylsur, þar sem hver kemur með sínar pylsur og brauð, en tómatsósa, sinnep og steiktur laukur verður á staðnum í boði foreldrafélagsins.

### Hvatningaverðlaun Heimilis og Skóla

Foreldrafélag allra grunnskólanna, F.F.G.Í.R. unnu fyrir skömmu til verðlauna á landsvisu. Um er að ræða verðlaun sem veitt eru eftir ábendingum frá skólafyrirvöldum. 16 tilnefningar komu til álita allsstaðar af landinu.

Fjögur verðlaun voru veitt. F.F.G.Í.R. hlaut verðlaunin vegna útgáfu handbókarinnar nú fyrr í vetur. Handbókina má skoða á heimasíðu skólans, [www.heidar-skoli.is](http://www.heidar-skoli.is).

Foreldrafélagið óskar öllum fjölskyldum, kennurum og starfsfólki skólans ánægjulegs sumars.

# Skóladagatal

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNI
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M	1 M	1 S	1 M	1 F	1 L	1 P
2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 M	2 Þ	2 F	2 S	2 M
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 M	3 L	3 M	3 F
4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 S	4 Þ	4 F
5 Þ	5 S	5 M	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L
6 M	6 L	6 M	6 F	6 L	6 Þ	6 F	6 L	6 Þ	6 F	6 S
7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 L	7 S	7 M	7 F	7 M
8 F	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 S	8 M	8 F	8 L	8 P
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 Þ	9 F	9 S	9 M
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 Þ	10 M	10 L	10 F	10 F
11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F	11 S	11 Þ	11 F
12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 S
14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 L	14 S	14 M	14 F	14 M
15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 M	15 F	15 L	15 Þ
16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 S	16 F	16 M	16 Þ	16 F	16 S	16 M
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 Þ	17 M	17 L	17 M	17 F
18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 S	18 Þ	18 F
19 Þ	19 S	19 M	19 M	19 F	19 M	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L
20 M	20 L	20 M	20 F	20 L	20 Þ	20 F	20 F	20 Þ	20 F	20 S
21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 L	21 S	21 M	21 F	21 M
22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S	22 M	22 F	22 L	22 Þ
23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 M	23 Þ	23 F	23 S	23 M
24 S	24 M	24 F	24 M	24 M	24 L	24 Þ	24 M	24 L	24 M	24 F
25 M	25 F	25 F	25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 S	25 Þ	25 F
26 Þ	26 F	26 M	26 M	26 F	26 M	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L
27 M	27 L	27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F	27 L	27 Þ	27 F	27 S
28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 L	28 S	28 M	28 F	28 M
29 F	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F	29 S	29 M	29 F	29 L	29 Þ
30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
31 S	31 F	31 M	31 L	31 M	31 L	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M

Samkvæmt lögum nr. 66/1995 um grunnskóla með áörðum breytingum skulu kennsludagar nemenda ekki vera færni 170. Samkvæmt klárasmíngi Kennarasambands Íslands og Launaféðrar sveitarfélaga skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á skólalárnu eru fimm og skulu ákveðnir af skólafjöra í samráði við kennara og með hlífðun af klárasmíngum.